Setrið

Fréttabréf Ferðaklúbbsins 4x4

4.tbl. 14. árg. september 2002 Ábyrgðarmaður: Sigurður Helgason

Við Skjálfandafljót. *Auður Helga Jónatansdóttir*

Meðal efnis:

- Innanfélagsmál
- Sumarhátíðin
- Vestfjarðahringurinn
- Hófsvað og Sóleyjarhöfðavað

FÉLAGSFUNDIR

Reykjavík: **Mánudaginn 2. september, á Hótel Loftleiðum kl. 20**
Fundarefni:
1. Innanfélagsmál
2. Ágúst Mogensen frá Rannsóknarnefnd umferðaslysa flytur erindi um þátt "stórra bíla" í umferðarslysum, þar á meðal jeppa. Eftir erindið verður fyrirspurnum úr sal svarað.
3. Kynning frá Aukaraf
4. Kaffi í boði Aukaraf
5. Fýluferðin: myndband sem hlaut 2. verðlaun í myndbandakeppninni sl. vor verður sýnt.

Suðurnesjadeild: **Miðvikudaginn 4. september, í sal lðnsveinafélagsins kl:20:30**
Fundarefni: Kynning frá Arctic Trucks og vetrarstarfið framundan.

Vesturlandsdeild: **Mánudaginn 9. september, í Jónsbúð kl. 20:00**
Fundarefni: Innanfélagsmál
Myndasýning

Húnvetningadeild: **Fundur boðaður síðar með dreifibréfi**
Fundarefni: Framtíð Álkuskála.

Skagafjarðardeild: **Enginn fundur; - hvíld eftir vinnuferð við Skiptabakka.**

Eyjafjarðardeild: **Þriðjudaginn 3. september, í húsnæði Starfsmannafélags KEA kl. 20:00**
Fundarefni: Septemberferð á Snæfell og Skálafellsjöku 13.-15.nk. (20.-22. til vara) og nefndarformenn gera grein fyrir vetrarstarfinu.

Húsavíkurdeild: **Enginn fundur boðaður**

Austfjarðadeild: **Miðvikudaginn 4. september, í Hótel Valaskjálf Egilsstöðum kl. 20:00**
Fundarefni: Haustferð og vetrarstarfið. Mætum öll og skiptumst á sögum um afrekin sem við unnum í sumar.

Suðurlandsdeild: **Þriðjudaginn 3. september, í húsnæði Björgunarsveitar Árborgar kl.20:30**
Mikilvægur fundur
Fundarefni: Rætt verður vetrarstarfið framundan og m.a. afhent dagatal með helstu viðburðum vetrarins, þ.e. vinnuferðum, árshátíð, þorrablóti og afmælishátíð. Þá verða nefndir skipaðar til undirbúnings þessum hátíðum. Stórmál að sem flestir mæti, því skráð verður í vinnuferðirnar. Vonandi liggja einnig fyrir rissteikningar af viðbyggingunni við Sultarfitjarskálann. Sjá nánar um vinnuferðirnar annars staðar í fréttabréfinu.

Útgefandi:
Ferðaklúbburinn 4x4
Mörkinni 6 · 108 Reykjavík
Sími og Fax 568 4444

Ritnefnd
Birgir Már Georgsson, *birgir@prent.is, gsm. 896-1804*
Sigurður Helgason, *siggih@hi.is, gsm. 891-7674*
Soffía Eydís Björgvinsdóttir, *isafold@simnet.is, hs. 553-2362*
Netfang ritnefndar: ritnefnd@f4x4.is
Netfang stjórnar: stjorn@f4x4.is
Heimasíða klúbbsins er: www.f4x4.is

Umsjónarmaður félagsskrár er:
Nikulás Einarsson, felagatal@f4x4.is

Hönnun/prentun Seturs:
Birgir Már Georgsson/LITLAPRENT ehf.

Munið opna húsið á fimmtudagskvöldum að Mörkinni 6 kl. 20:30

Fréttir af innanfélagsmálum

Tilkynning frá stjórn

Samningur milli Ferðaklúbbsins 4x4 og Ferðafélags Íslands um starfsmann hefur verið endurskoðaður og óskaði FÍ með annars eftir að starfsmaðurinn ynni eingöngu fyrir 4x4 þrjá morgna í viku og myndi á þeim tíma ekki sinna störfum fyrir Ferðafélagið.
Samkomulag varð um að starfsmaðurinn sinnti störfum fyrir 4x4 á **mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 9 - 12.**
Félagar í 4x4 eru því beðnir um að beina erindum sínum til starfsmannsins á áðurnefndum tíma, en hafa annars samband við stjórn eða nefndir klúbbsins.

Septemberferð Eyjafjarðardeildar

Ferðanefnd Eyjafjarðardeildar 4x4 stendur fyrir jeppaferð sem hefst föstudaginn 13. eða 20. september nk.
Gist verður í Snæfellsskála aðfaranótt laugardags en síðan haldið í Maríutungur og þaðan á Goðahnjúka og á Skálafellsjökul.
Ef færi reynist þungt verður gist í Jöklaseli eða á Höfn í Hornafirði; annars er gert ráð fyrir því að gista norðan jökla. Enn er óvíst hvernig sunnudegi verður ráðstafað en heimkoma er á sunnudagskvöld.
Haldinn verður undirbúningsfundur í byrjun september.
Af heimasíðu Eyjafjarðardeildar

Landsfundurinn í Setrinu

Helgina 12. og 13. október verður haldinn í Setrinu hinn árlegi landsfundur allra stjórna og nefnda Ferðaklúbbsins. Mikilvægt er að **tilkynningar um þátttöku berist á "stjorn@f4x4.is" eða í síma 568-4444 á skrifstofutíma í síðasta lagi 4. október.**
Fundurinn mun standa allan laugardaginn og enda með máltíð í boði klúbbsins.
Vonast er til að sem flestir stjórnarmenn deilda og nefndamenn á vegum klúbbsins sjái sér fært að mæta. Alls má búast við 60-70 manns.
Stjórnin

Frá skálanefnd

Skipt verður um skrá í Setrinu þann 30. ágúst 2002 eða í væntanlegri fjölskylduferð.
Þeir sem eiga leið í Setrið eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við skálanefndina til þess að fá lykil. Þeir sem eru með gamla lykilinn halda honum vegna þess að hann passar að fleiri skálum en fá nýjan lykil að Setrinu og verður hver lykill skráður á viðkomandi. Til þess að fá nýjan lykil verður að framvísa gildu félagsskírteini og gamla lyklinum vegna skráningarnúmers á honum. Og það skal ítrekað enn og aftur að handhafar lyklanna hafa ekki heimild til að lána þá út nema með leyfi skálanefndar.
Skálanefndin

Bjórkvöld

Þann 27. september milli kl.20:00 til 23:00 ætlar Gúmmívinnustofan að bjóða félgasmönnum 4x4 uppá bjórkvöld.

Kynning verður á jeppadekkjum, míkróskurði, felgum og öðrum vörum frá Gúmmívinnustofunni.
Super swamper, Parnelli, Wild Country og fl.
Munið 10% 4x4 afsláttinn á vörum, hjólbarða- og smurþjónustu.

2003 - Afmælisár Ferðaklúbbsins 4x4

Páll H. Halldórsson hefur verið skipaður formaður fimm manna afmælisnefndar klúbbsins, en ferðaklúbburinn verður 20 ára á næsta ári.
Páll segir hugmyndir félagsmanna um hvað skuli helst gera í tilefni þessa vera vel þegnar og skal senda þær á tölvupóstfang hans >palli@vm.is<

Fjölskylduhátíðin í Setrinu 31. ágúst n.k.

Hátíðin verður í höndum Skálanefndar sem lofa miklu fjöri,frábærum vöfflum,kakói og óvæntum uppákomum af ýmsu tagi. Þeim félögum sem hyggjast mæta á þessa frábæru fjölskylduskemmtun er bent á að **skrá sig hjá Nikka í síma klúbbsins 568-4444 á skrifstofutíma eða senda honum tölvupóst á netfangið nikulas@fi.is fyrir 29. ágúst nk.**
Rétt er að benda nýjum félögum á að hér er kjörin ferð til að kynnast öðrum félögum, eins og reyndar allar ferðir og uppákomur á vegum félagsins eru frægar fyrir. Skálanefndin hyggst leggja af stað frá Select á vesturlandsvegi um kl. 19 föstudaginn 30. ágúst fyrir þá sem vilja fá að vera í samfloti við þá höfðingja. Vonast er til að sem flestir sjái sér fært að mæta í Setrið um þessa helgi.

Stjórnin

Vinnuferðir Suðurlandsdeildar

Á næstunni eru fyrirhugaðar 4 vinnuferðir vegna viðbyggingar við Sultarfit og annarra breytinga. Vinnuferðirnar verða;

20-22. september
27-29. september
4-6. október
11-13. október.

Á félagsfundinum í september hefst skráning í vinnuferðirnar. Það vantar smiði og hvers konar “altmuligmenn” í raf- og pípulagnir og alls konar frágang.
Fyrsta helgin fer í að rífa núverandi viðbyggingu, ganga frá undirstöðum, dregurum og gólfbitum, gera rafstöðina klára og síðan þarf gengi til að smíða útveggina á Selfossi.

Stefnt er að því að viðbyggingin verði nothæf í vetur, helst fullbúin ef fjármál leyfa og sömuleiðis rafstöðin.
Nú duga engin undanbrögð, mæta verður á næsta fund og skrá sig í einhverja(r) vinnuferð(ir).

Jón G. Bergsson

Stikuferð Umhverfisnefndar

Vor árlega stikuferð er fyrirhuguð helgina 7.-8. september. Að þessu sinni er hugmyndin að stika leið norður frá Sultarfitjarskála Suðurlandsdeildar, austan Stóru-Laxár og sem leið liggur inn á Klakk. Gist verður og snæddur kvöldverður í boði umhverfisnefndar á sveitasetri klúbbsins undir Hofsjökli.
Á sunnudeginum verður svo haldið norður fyrir Kerlingarfjöll og stikuð leið vestan þeirra áleiðis í Leppistungur og Svínárnes meðan mannskapur og stikur endast.
Í upphafi ferðar verður áð hjá Olís á Selfossi þar sem menn og bílar fá eldsneyti við hæfi hvers og eins. Farið verður sem leið liggur að Árnesi, tekin þar kröpp vinstri beygja og ekið um fagra sveit fram hjá Skáldabúðum
uns komið er að leiðinni inn á samnefnda heiði.
Þátttakendur þurfa að hafa sleggju og járnkarl meðferðis. Nánari upplýsingar um tilhögun og skráningu á félagsfundi 2. september.

Umhverfisnefndin

Select



Sumarhátíðin á Álfaskeiði

Funheit stemmning var í brekkusöngnum, þar tóku lagið ungir sem gamlir við undirspil Lúffa sem spilaði af snilld fyrir söngþyrsta félaga.
Tjaldið kom að góðum notum fyrir sameiginlega kvöldverðinn, skemmtiatriði og happdrættið sem var mjög veglegt. Sumir settu þó spurningamerki við alla þá vinninga sem umsjónarmenn happdrættisins fengu, en telja má víst að það hafi bara verið hrein heppni!

Ljóst er að minni háttar tap varð á Sumarhátíðinni á Álfaskeiði sem haldin var af Suðurnesja- og Suðurlandsdeildum. Fjárhæðin er um kr. 36,000 og hafa deildirnar ákveðið að greiða tapið sjálfar. Einu skráðu útgjöldin eru leiga á 150 ferm. tjaldi og greiðsla fyrir tjaldstæðið. Tjaldið gerði svo sannarlega sitt gagn í rigningunni og bjargaði það því sem bjargað varð. Talið að um 150 manns hafi verið á hátíðinni frá flestum deildum klúbbsins. Grillað var sameiginlega um kvöldið í stóra tjaldinu og haldin kvöldskemmtun þar. Fyrr um daginn var farið í leiki og börnunum boðið á hestbak.

Þá var boðið upp á bíltúr um daginn sem Heiðar formaður leiddi. Gengið var að Gullfossi að austanverðu, Láxárgljúfrin skoðuð og Háifoss.

Undirbúningsaðilar vilja þakka sérstaklega fyrir happdrættisvinninga sem eftirtaldir gáfu; Aukaraf (flestir frá þeim), Bílabúð Benna, Bílanaust í Keflavík, Stilling á Selfossi, Wurth, Radíóþjónusta Sigga Harðar, Gúmmívinnustofan, Höfðadekk og Arctic Trucks. Þá voru grillkolin gefin af Olís í Reykjanesbæ og Selfossi og Kjarna-bókhald ehf ljósritaði og fjölfaldaði söngheftin, sem að vísu átti að skila aftur eftir notkun. Fáir virtu það, en þau voru óspart notuð með “gleðibauk í hönd”, eins og gera átti.

Nokkurrar óánægju gætti vegna tjaldstæðisgjalda sem innheimt voru. Undirbúningsaðilum tókst ekki að fá “sponsora” á risatjaldið og því varð ekki hjá því komist að innheimta tjaldstæðisgjöldin.

Jón G. Bergsson

Við Hafrahvammagljúfur BMG

Veiðimenn, ferðafólk, bændur

MAGELLAN SPOR Í RÉTTA ÁTT í veiðina, ferðalagið eða í leitir

9 skjámyndir
500 punkta minni

Sportrak 29,990,- stgr

Íslandskort með 2M-50M hæðarlínum
Evrópukort
8MB innra minni

Sportrak MAP 39,990,- stgr

Íslandskort með 2M-50M hæðarlínum
Evrópukort (nákvæmara en í SporTrak MAP)
32MB innra minni

Sportrak PRO 49,990,- stgr

Magellan Sportrak tækin eru með ljós í tökkum, þau fljóta í vatni og eru vatnsheld. Innbyggð móttaka á leiðréttingarmerki gefur nákvæmni allt niður í 3 metra. 500 punkta minni, 20 leiðir, 9 skjámyndir, ekki nema 170 grömm. Baklýsing í skjá.

2MB innra minni
Evrópukort
Rauf f. minniskubb

Meridian GPS 39.990- stgr.

Íslandskort f. Meridian
Hæðarlínur 2 m-50 m
Örnefni, bæir, ár, vötn, vegir, slóðar.
Verð 13.975- stgr.

16MB innra minni
Evrópukort
(nákvæmara en í Meridian GPS)
Rauf f. minniskubb

Meridian GOLD 49.990- stgr.

16MB innra minni
Evrópukort (nákvæmara en í Meridian GPS)
Rauf f. minniskubb
Rafeindaáttaviti
Hæðarmælir/Loftvog

Meridian PLATINUM 59.990- stgr.

Magellan Meridian tækin eru með ljós í tökkum, þau fljóta í vatni og eru vatnsheld. Innbyggð móttaka á leiðréttingarmerki gefur nákvæmni allt niður í 3 metra. 500 punkta minni, 20 leiðir, 9 skjámyndir, stór baklýstur skjár. Meridian eru verulega sterkbyggð tæki.

UHF talstöðvar
8 rása
Tengi f. hljóðnema og hátalara

Freecom 200 parið: 14.900- stgr.
stk: 7,450- stgr.

UHF talstöð
8 rása
Niðurfellanlegt loftnet
Tengi f. hljóðnema og hátalara

Alinco DJ-1SR 14.900- stgr.

UHF talstöð
30 rása

Liberty parið: 17.900- stgr.
stk: 8.950- stgr.

Fugawi Íslandskort f. PC tölvur 34.990- stgr.

Stillanleg hæð, fram og aftur með einum snerli.

Tölvuborð f. fartölvu í bíl 23.900- stgr.

VHF handtalstöðvar
16 eða 100 rásir
4x4, björgunarsveitir
verktakar, veiðimenn
leiðsögufólk, húsbílaeig.
Vélsleðaferðalög.

ICOM IC-F12 29.900- stgr.
ICOM IC-F3GS 32.900- stgr.

CB talstöð
40 rásir
AM/FM
Sjálfvirkur suðstillir
Stillanleg móttökunæmni
Lítil og nett

President Harry 13.900- stgr.

VHF Bíltalstöð
Textaskjár
Ljós í tökkum
32 rásir
4x4, björgunarsveitir
Verktakar, veiðimenn
leiðsögufólk, húsbílaeig.

ICOM IC-F310 verð 50.000-
Tilboð 39.990- stgr.

AUKARAF

www.aukaraf.is Skeifan 4 S. 585 0000

Bílabúð Benna

Verðlækkun

MUDDER 38/15"

~~Var 65.980.-~~

Til 4x4 53.370.-stgr.

15% afsláttur
af BF Goodrich
út September
til 4x4 félaga

Nýtt!

BF Goodrich KM
MUD Terrain 33/15"

Til 4x4 22.140.-stgr.

Extreme Aire
Loftdæla

Til 4x4 48,465.-stgr.

ARB AIR LOCKER

ARB driflæsingar
T.d. Dana 44

Til 4x4 98.640.-stgr.

Big Red
Loftdæla

Til 4x4 33.200.-stgr.

Vegna styrkingar krónunnar gagnvart amerískum dollar ætlar Bílabúð Benna að lækka nokkrar vörutegundir umtalsvert.
Þetta eru vörur sem koma jeppamönnum vel fyrir veturinn.

Minnum á sérpöntunardeild Bílabúðar Benna sem varð til við sameiningu Bílabúðar Rabba og Bílabúðar Benna.
Þar er hægt að panta allt sem viðkemur jeppum og fólksbílum sem eru á Ameríkumarkaði.

BFGoodrich Dekk Mudder WARN IPF

BÍLABÚÐ BENNA – VAGNHÖFÐA 23 – SÍMI 5902000 – www.benni.is

Vestfjarðahringurinn

Það er óhætt að segja að nokkur spenna hafi legið í loftinu, er við komumst loksins af stað í ferðalagið og framundan voru tvær vikur sem átti að eyða á Vestfjörðum. Úr bænum þennan föstudag fóru þeir Guðmundur Tómasson og Páll H Halldórsson með fjölskyldur sínar og allir með bros á vör, enda góð veðurspá framundan. Ekið var sem leið lá upp Borgarfjörð og yfir Bröttubrekku en þangað höfðu þau hjónakorn Gummi og Hlín aldrei komið. Framundan var allt nýtt fyrir þeim. Ákveðið var að gista í Bæ í Reykhólasveit í aldeilis fínu húsi, sem nýverið hefur verið tekið í gegn og er einungis nýtt undir ferðamenn. Alltaf jafn skrítið að sofa fyrstu nóttina í sveitinni í allri kyrrðinni, í stað hávaðans í borginni. Morguninn eftir fórum við út á Reykhóla, Þörungaverksmiðjan skoðuð og skroppið í sund og ekkert stress, því dagurinn var fallegur og góður. Á leið okkar til Patreksfjarðar var tekinn stuttur krókur niður í Kvígindisfjörð, en slóði liggur þar út með firðinum, sem fáir fara. Í Flókalundi var stoppað og keyptir hamborgarar og franskar á línuna, við erum jú í fríi og börnin brostu út í bæði. Klukkan var orðin tíu um kvöldið er við renndum inn í þorpið og tengdó klár með kvöldkaffið.

Ekki er hægt að vera svo nálægt Látrabjargi án þess að skoða það, svo stefnan var sett þangað. Stoppað var á minjasafninu að Hnjóti og gleymt sér í klukkutíma, innan um muni horfinna tíma. Ákveðið var að skipta liði, því ekki var sama stemmning fyrir því að fara þar sem bjargið er hæst og fór því annar hópurinn þangað og alla leið ofan í Keflavíkina, niður að slysavarnarskýlinu sem er þar í fjörunni. Mjög falleg, en jafnframt brött og krefjandi akstursleið. Hinir fóru hefbundna leið á bjargið, þar sem vitinn er. Á leið okkar seinnipartinn til baka var komið við á Rauðasandi, sérstaklega vegna þess að eiginkona undirritaðs, sem er fædd og uppalin á Patró hafði aldrei komið þangað. Fallegur staður með langa sandfjöru.

Í Tálknafirði er gömul verksmiðja sem stendur sunnan megin í firðinum, nokkuð utar en þorpið sjálft, en lítið annað en veggir og strompur standa eftir. Upplagt að skjótast þangað og ná í trakk fyrir Bessa í Umhverfisnefndinni. Sáum Trabant á Willis grind, helvíti flottur. Á Bíldudal lentum við í þvílíkri blíðu að ákveðið var að fara ekki lengra þann daginn, en að sjálfsögðu fundum við eitt hús sem beið eftir því að hýsa okkur. Dagleið því einungis um 40 –50 km. Guðmundur opnaði þó tjaldvagninn, bara svona til að viðra hann og komst að því þá, að ekki er gott að vera með hveiti í "eldhúsinu" í vagninum. Hittum mann sem var búinn að setja Toyota Celica boddý ofan á Scoutgrind. Já þessir Vestfirðingar hafa sko nægan tíma til að dunda sér.

Palli í hvítu sandfjörunni í Sélárdal

Að sjálfsögðu var skotist út í Selárdal og fundum við á leiðinni hvíta sandfjöru sem hreinlega öskraði á okkur að spóla pínu út á jeppunum fínu. Mikið rosalega er alltaf gaman að koma í fjörur sem þessar, sól og blíða, lækir og ár, sandur og selta. Vonum að sjórinn hafi máð öll vegsummerki í sandinum á næsta flóði, því bílarnir sukku ótrúlega mikið í og meira að segja "Datsuninn" þurfti framdrif, takk fyrir. Í Selárdal kíktum við á safn Samúels Jónssonar sem stendur þar í mikilli niðurníðslu, en minnir samt á kjark listamannsins með barnshjartað að hafa ákveðið á sínum tíma að reisa safnið á þessum stað. Gísli á Uppsölum var ekki heima er við renndum í hlað, en ótrúlegt er

að skoða húsið og þær aðstæður sem kallinn bjó við, eins og við öll kynntumst svo rækilega í Stiklu þáttunum hans Ómas Ragnarssonar.

Í Dynjandisvogi stendur falllegasti foss landsins, Fjallfoss, í allri sinni dýrð og nú átti heldur betur að smella upp tjaldi og njóta þess ægifagra landslags, er Vestfirsku Alparnir hafa uppá að bjóða. Nei takk, varla hægt að fara úr bíl út af flugum, sem greinilega voru í essinu sínu í blíðunni. Ákveðið var að halda áfram leið okkar til Hnífsdals til mömmu. Að sjálfsögðu var ekin lengri leiðin og farið út í Lokinhamra og

Gummi í Lokinhömrum

Svalvoga. Alveg með eindæmum hvernig ýtustjórinn Elís Kjaran lagði þennan veg á sínum tíma, en sums staðar liggur vegurinn hátt í fjallinu og annars staðar í fjörunni. Vígalegir klettar slúta fram þar sem vegurinn hangir á syllum og enn situr önnur eiginkonan hægra megin í bílnum til þess að þurfa ekki að sjá niður. Mamma klár með kvöldkaffið klukkan tíu og allir brostu hring, því sú gamla var búin að græja rúmin og allt.

Skálavík er lítil og falleg, þar sem nokkrir Bolvíkingar hafa komið sér upp sumarhúsum sem vel eru nýtt yfir sumarmánuðina. Neðst í víkinni komum við að "brú" sem var nú fátt annað en tveir skakkir I bitar og gamall símastaur og gátum við ekki annað en hlegið, því á skilti þar stóð: "Varúð, ekki fyrir bíla sem eru þyngri en 1000 kg !" Já, Bolvíkngar hafa alltaf verið pínu spes. Í fjörunni hittum við

Brú í Skálavík

Þjóðverja á Volkswaken með stóru húsi á og var bíllinn klárlega merktur sem slíkur. Vorum við klárir á því að þetta væri Toyota DC og töluðum við manninn, sem sagði okkur að Volkswaken verksmiðjurnar hefðu gert samning við Toytota um smíði á 50 svona bílum, sem var síðan breytt í ferðabíla. Ég legg til að bíllinn fái nafnið Volksyota Toywaken. Frá Ratsjárstöðinni á Bolafjalli sér maður vítt yfir, en stöðin er í um 700 metra hæð yfir sjávarmáli, en við vorum fyrstu "túrhestarnir" sem fóru löglega akandi upp veginn að stöðinni, en ákveðið hefur verið að leyfa akstur þangað upp í nokkrar vikur á hverju sumri. Gárungarnir segja að á góðum degi geti maður séð Grænland, en ég sel það ekki dýrara en ég keypti.

Farið var í góðan rúnt á Suðureyri og Flateyri og ekið Vestfjarðagöngin og alltaf er ég jafn hissa á að aka þarna í gegn, því hér fyrr á árum gat maður verið marga klukkutíma í vondum veðrum að fara Breiðadals-, eða Botnsheiði til þessara

Fjórir jeppar í Hnífsdal

staða. Gummi fékk uppreisn æru er hann sá Suðureyri og varð hálf feginn er hann sagði okkur í trúnaði að hingað hefði hann nærri verið plataður á vertíð sem ungur drengur, en ekki farið. Við sáum okkur í anda að strákurinn hefði ílengst og væri í dag á einhverri trillunni, í stað Datsunsins.

Hópmynd frá harmonikumóti á Ísafirði

Þessa helgi á Ísafirði var stór og mikil harmónikkuhátíð, sem hundruð manna sóttu og tjölduðu um allan bæ. Mikil stemmning var, fólk spókaði sig í sólinni og mannlíf á hverju götuhorni. Í hópinn okkar bættust þeir Björn Þorri Viktorsson og Jóhannes Jóhannesson með sínar fjölskyldur. Ég held að Ísfirðingar hafi ekki í langan tíma séð samtímis fjóra 38 tommu

Drangajökull

breytta jeppa, alla vega ekki í röð, því talsverða athygli fengum við á rúnt okkar um bæinn.
Gamla þorpið í Súðavík og minningar um þá atburði er urðu á Vestfjörðum fyrir nokkrum árum síðan, eru manni ljósar er maður ekur þar í gegn. Nýja þorpið þar rétt innar lýsir samt því harðduglega fólki sem býr á stöðum sem slíkum, því ótrúlegt er að sjá þann kraft og vilja, sem þarf til að færa eitt stykki þorp um einn kílómetra eða svo. Tignarlegur Kofrinn trónir yfir bænum.

Í Unaðsdal fengum við næturgistingu fyrir konurnar og börnin, og loksins fáum við strákarnir að sofa í tjaldi. Líka kominn tími til að vígja vagninn hans Gumma. Björn og frú farin suður, en við alveg ákveðin að halda áfram, þrátt fyrir 6 stiga hita. Ætlun okkar var að fara á Drangajökul og þá helst að kanna slóða upp að jöklinum. Allt gert fyrir Bessa og hans ferilsöfnun á slóðum. Hins vegar var mikil rigning og þoka, svo hætt var við þessa hugmynd og þess í stað ekið inn Kaldalón og alveg að skriðjöklinum þar. Slóðinn þangað inneftir liggur eftir eyrunum og þurfti margoft að aka fyrir hana Mórillu, en slóðinn hverfur af og til, eftir að áin hefur rutt sig í gengum tíðina. Príluðum við nokkra stund á ísnum og auðvitað á inniskónum, það er nú einu sinni sumar.

Í Norðurfirði fengum við leigt lítið og sætt hús af ungmennafélaginu þar í sveit. Fylgdi með eitt stykki sundlaug, sem var óspart notuð. Skroppið var í Ingólfsfjörð, en slepptum að fara út í Ófeigsfjörð, því eitthvað verður maður að eiga eftir að skoða seinna meir. Undirritaður hafði ekki komið norðar en að Kaldbakshorni og því allt nýtt fyrir hann að skoða á þessum slóðum. Vorum við mjög heppin með veður og útsýni á leið okkar til baka til Hólmavíkur. Stoppað var á Laugahóli í sól og blíðu, farið í sund og borðað nesti. Fengum við síðan afnot af sumarbústað á Hólmavík. Daginn eftir voru Vestfirðirnir kvaddir, er við ókum úr Hrútafirðinum suður á bóginn. Vel heppnuð ferð að baki, með skemmtilegum ferðafélögum, sérstaklega yngstu manneskjunni í hópnum, henni Kristínu Sól, sem er nú búin að eyða helming af ævi sinni á ferð um landið.
Kveðja,
Palli # 77.

Yngsta ferðafélaganum fannst frábært í Datsun (3 mán Kristín Sól)

Ferð um Hófsvað og Sóleyjarhöfðavað árið 1998

Hlynur í miðálnum

Aðdragandi þessarar ferðar var sá að okkur pabba hafði alltaf langað til að fara yfir Hófsvað og þótt að hann væri af eldri kynslóð fjallamanna hafði hann aldrei farið þetta fræga vað. Hann stóð því fyrir þessari ferð um mánaðamótin ágúst-sept 98. Við vorum tíu kallar sem fórum af stað á föstudagskvöldi á tveimur bílum, Iveco á 38” dekkjum sem er mjög góður vatnabíll og kanadískum Chevrolett, árg 47 sem gengur undir nafninu FANTURINN, og lá leiðin til Hrauneyja þar sem við áttum bókaða gistingu. Það fer enginn Hófsvað í fyrsta skipti nema í fylgd kunnugra og í ferð með okkur voru tveir menn sem höfðu farið þetta vað oft og kunnu vel á það, þeir Bjarni í Túni og Alfreð Jónsson (Alli), sonur Jóns frá Laug sem var einn harðgerðasti jöklamaður sem sögur fara af á Íslandi. Á laugardagsmorgun var haldið inn að Hófsvaði og byrjað að kanna það en töluvert vatn var í ám þessa helgi. Tungnaá var ekki árennileg þegar komið var að miðálnum og var því farið í bússur, vatnastengur dregnar fram og vaðið kannað. Ég setti á mig línu, traustir menn héldu í og ég fór að vaða, en komst að því þegar vatnið var farið að brjóta upp að mitti að þarna færi ég ekki yfir. Ég var búinn að skorða mig fastan við stein og hékk á vaðprikinu eins og það væri mitt seinasta hálmstrá þarna úti í miðri ánni. Þá átti ég eftir að snúa mér við og ná jafnvægi með strauminn á hina hliðina en það reddaðist og ég komst aftur að landi nokkuð þrekaður. Bjarni í Túni léta þetta ekki mikið á sig fá og sagði að þetta væri ágætt, við skyldum bara drífa okkur yfir, þetta væri allt í lagi og ekki eftir neinu að bíða, og við stukkum upp í bílana með það sama. Alli sat frammí hjá mér þegar við lögðum í álinn og lóðsaði okkur yfir á Iveco með stæl. Ekki fann maður neitt fyrir ánni þegar við fórum yfir þótt dýpið væri 38” vel á kaf og straumur töluverður, en þennan ál verður að fara þvert og svo á móti til að ná landi á litlum grjóthólma í ánni. Fanturinn kom á eftir og fór létt yfir enda stór og mikill trukkur og Bjarni sat í farþegasæti og sagði til af kunnáttu. Þá var bara seinasti állinn eftir en hann er eins og hafsjór yfir að líta en ekki mjög dúpur. Við lögðum í hann og var stefnan tekin á fjallstind fyrir framan okkur þar til við sáum vörðu á vinstri hönd og þá beygt til vinstri. Tungnaá var sigruð og við nokkuð góðir með okkur því vatn var með meira móti þennann dag. Þaðan var haldið í Veiðivötn um svarta sanda og slegið upp súpukétsveislu og farið að huga að framhaldinu en ég var kominn í þvílíkan vatnaham að nú skyldi Þjórsá sigruð en enginn okkar hafði áður farið þar yfir að sumri til. Það verður úr að við förum þrír saman á Iveco upp Kvíslaveituveg en hinir fóru í bæinn á Fantinum eftir vel heppnaða ferð. Við höfðum drollað soldið í Veiðivötnum svo okkur lá á að komast að Sóleyjarhöfða í björtu til að skoða vaðið og var keyrt létt upp að heimahól og að höfðanum og þá var kominn tími á bússur og byrjað að vaða. Eftir töluverðan tíma náði ég landi neðst á hólmanum og var mikið fyrir því haft og maður orðinn nokkuð lúinn eftir eystri álinn. Ég hafði mig því ekki til baka í bílinn svo þá var bara öskrað yfir álinn að koma og taka land þar sem ég stóð og gekk það vel en töluvert grjót var í botninum. Þá var vestari állinn eftir, en eftir að hafa horft á hann í soldinn tíma voru við sammála um að þar væri greinilegt brot. Við keyrðum því bara yfir og fylgdum brotinu og gekk það eins og í sögu, en töluvert er

Alli Jóns t.v og Bjarni í Túni (gamlir vatnahundar)

Iveco leggur í miðálinn, Hófur til vinstri

Fantur kominn yfir mesta dýpið í miðál

botninn grýttur og það ekki minni gerð af grjóti. Eftir þetta var stefnan tekin á Hveravelli með viðkomu í Setrinu og heilsað upp á menn og skrifað í gestabók um afrek dagsins. Við komum stuttu eftir miðnætti að Hveravöllum og skriðum þreyttir í poka. Daginn eftir var haldið í bæinn um Leppistungur og Svínárnes og voru menn

Fantur að koma úr miðál austur yfir á Veiðivatnasvæðið

nokkuð sáttir með helgina. - Ferðalok. Þetta er svona nokkurn veginn hvernig ferðin var. Upphaflega stóð til að fara á tveimur Chevrolettum en að lokum varð það bara einn og svo Iveco sem fóru Hófsvaðið en ferðin var einmitt gerð til þess að fara þar yfir. Sóleyjarhöfðiavað var bara bónus og ekki endilega planað þessa helgi. Það var pabbi (Lárus Sigurðsson) sem stóð fyrir ferðinni enda þekkti hann Bjarna vel (hann var 89 ára þegar við fórum) og Alla þekkir hann líka vel en hann er í fullu fjöri enn í dag.

Við Bólstað vestan Sóleyjarhöfðavaðs

Þáttakendur voru þessir:
Bjarni í Túni, Alfreð Jónsson, Lárus Sigurðsson, Karl Grant, Jón Bjarni Snorrason, Pétur Jónsson, Helgi (man ekki hvers son), svo og Hlynur Snæland Lárusson, Steinar Jónsson og Arngrímur Sveinsson (Grímsi), en þessir þrír síðasttöldu fóru einnig Sóleyjarvaðið.

Hlynur Snæland R2208

MIÐBORG ehf
fasteignasala
Suðurlandsbraut 8a · 108 Reykjavík
Sími 533 4800 · Fax 533 4811
www.midborg.is

Örugg fasteignaviðskipti
Þarftu að kaupa eða selja fasteign?
Munið félagsafsláttinn!

Bílasetrið ehf
Mosfellsbær
Sími: 566 86 85
Fax: 566 86 84
GSM: 897 92 42
Netfang: bilasetrid@visir.is
BÍLAMÁLUN - SANDBLÁSTUR

Lyftu þér upp!
Önnumst breytingar á öllum gerðum jeppabifreiða.
Vönduð og góð þjónusta
JEPPAÞJÓNUSTAN
Smiðjuvegur 32, Rauð gata • Sími 587 2930

Polyhúðum
felgur
grindur
dráttarbeisli
ásamt aukahluti á
bíla og jeppa
HAGSTÁL EHF
Flatahrauni 5b · 220 Hafnarfjörður
Sími 5651944

Við afleggjarann í Kerlingafjöll (úr myndasafni) *Haraldur G. Hauksson*

Dick CEPEK

KEVLAR DEKKIN KOMIN Á LAGER!

Stærðir í boði:

36x16,5-15
36x16,5-16,5
38x15,5-15
38x15,5-16,5

Kevlar þræðir í stað stálþráða er meginmunur á dekkjunum, samkvæmt prófunum virðast Kevlar dekkin leggjast svipað og Radíaldekk. Kevlar dekkin eru léttari og sterkari á allan hátt og voru prufuð með Radíal dekkjum á samskonar bílum og gátu menn ekki séð mun á hvað væri hvað, Fun Country mynstrið er mynstur sem þarf ekki að kynna fyrir fjallamönnum og hefur sannað sig í gegnum árin sem slitsterkt og gripgott dekk, og endist og endist. Kevlar dekkin eru miklu betur steypt en gömlu Radial dekkin þ.e.a.s. þurfa minni jafnvægisstillingu og miklu minna hopp í þessum dekkjum en við eigum að venjast.

Fjallasport

www.fjallasport.is

Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 4444 • Fax: 567 7445 • fjallasport@fjallasport.is

www.design-a.is © 2002